



## 1. stjórnarfundur LH

27. október 2018 kl. 10:00 Skrifstofu LH

**Mættir:** Lárus Ástmar Hannesson, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Þórisson, Ágúst Hafsteinsson, Stefán Logi Haraldsson, Eggert Hjartarson og Oddrún Ýr Sigurðardóttir úr aðalstjórn, Lilja Björk Reynisdóttir, Rósa Birna Þorvaldsdóttir, Siguroddur Pétursson og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn. **Fjarverandi:** Þórdís Arnardóttir úr varastjórn.

### 1. Formaður setti fund

### 2. Skipan í embætti stjórnar

Formaður lagði til að Sóley Margeirsdóttir yrði varaformaður, Ólafur Þórisson væri áfram gjaldkeri og að Oddrún Ýr Sigurðardóttir yrði ritari sem var samþykkt einróma.

### 3. Farið yfir nefndir

Rætt var um að skipa þurfi nefndir fljótlega eftir kjör og að gott sé að það sé fulltrúi stjórnar inni í nefndum. Einnig þurfi að kanna hverjir gefi kost á sér áfram og að stjórnarmenn kynni sér nefndirnar og hugsi hvar þeirra styrkleiki og áhugasvið liggja. Ákveðið var að auglýst verði eftir fólki í nefndir LH og að umsóknir þurfi að vera komnar fyrir 1. desember. Vinna svo úr umsóknum á vinnuhelgi stjórnar.

### 4. Vinnureglur og aðbúnaður stjórnarmanna

Rætt var um vinnureglur og aðbúnað stjórnarmanna og samþykkt að nota sömu vinnureglur og úr síðustu stjórn. Talað var um að auka vægi fjarfunda og bent á að símafundir séu oft mjög skilvirkir. Það er til fjafundabúnaður hjá ÍSÍ sem einnig er hægt að nota, þá geta stjórnarmenn jafnvel hisst á þremur stöðum.

### 5. Afmæli Léttis þann 3. nóvember.

Samþykkt var að varaformaður fari sem fulltrúi stjórnar í afmæli Léttis og flytji kveðju LH.

### 6. Fundargerð stjórnar LM

Rætt um málefni LM ehf, og fyrirkomulag samninga við landsmótshaldara. LM er laust við lausaskuldir en LM skuldar eigendum sínum. Ákveðið var að fara betur yfir þetta á vinnuhelgi stjórnar. Fyrirhugaður er fundur með stjórn LM2018, 9. nóvember næstkomandi.

### 7. Vinnudagar í Hólminum 7.-8. Desember

Stefnt er á að halda vinnuhlegi stjórnar 7.–8. desember. Tilgangurinn er að hrista hópinn saman og skerpa á vinnureglum og marka stefnu stjórnarinnar fyrir starfsárið. Unnið verður á föst dagskvöldi og fram eftir laugardegi og farið á jólahlaðborð um kvöldið.



**8. Beiðni um styrk til íslenskra þátttakenda í Leiðtoganámskeiði FEIF 9-11. Nóvember**

Styrkur samþykktur til íslenskra þátttakenda 20.000kr. fyrir hvern þátttakanda.

**9. Beiðni um styrk v.fyrirlestrar fyrir Meistaradeild Æskunnar**

Stjórn jákvæð fyrir styrkveitingu en óska eftir frekari upplýsingum um efni fyrirlestursins og fyrirlesara

**10. Starfsmannamál**

Starfsmannamál og verkefni skrifstofu rædd. Formanni, varaformanni, gjaldkeri og Stefáni Loga falið að skoða þau mál fyrir hönd stjórnar.

**11. Önnur mál**

- **Uppskeruhátíð**, skýrt frá undirbúningi
- **Íslandsmót**, skrifstofan beðin um að senda bréf á mótshaldara Íslandsmóts 2019 og kalla eftir staðfestingu á dagsetningu mótsins.
- **FEIF þing**, ákveðið var að úr stjórn fari formaður, varaformaður og gjaldkeri. Skrifstofa kannar flug og bókar.

*Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið um 12:00.  
Fundargerð ritaði Hjörný Snorradóttir.*